



Hörgársveit

Fréttabréf

17. desember 2021 12. árgangur 12. tölublað



Gleðileg jó!l

Sveitarstjórn og starfsmenn Hörgársveitar óska íbúum sveitarfélagsins gleði og friðar á jólum og farsældar á nýju ári með þökk fyrir árið sem er að líða

Sundlaugin Þelamörk

opnunartími yfir hátíðirnar

24. desember 10:00 -12:00 25. desember lokað
26. desember 11:00 -18:00 31. desember 10:00 -12:00
1. janúar lokað vetraropnunartími aðra daga

Údráttur úr fundargerð:

Föstudaginn 17. desember 2021 kl.15:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar í Bitrugerði.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, María Albína Tryggvadóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

1. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 15.12.2021

Fundargerðin er í 6 liðum og þarfnast 5 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

a) Í lið 2. Lónsbakki/Dagsbrún, aðal- og deiliskipulag

Sveitarstjórn tekur undir þá bókun skipulags- og umhverfisnefndar að vinna áfram að málinu með hliðsjón af þeim athugasemdum sem borist hafa.

Sveitarstjórn áréttar að auglýst skipulagslýsing er fyrsta skref skipulagsvinnunnar. Frekara samráð verður haft áfram við íbúa og hagsmunaaðila eins og skipulagslög áskilja.

b) Í lið 3, Glæsibær/Hagabyggð, aðal- og deiliskipulag

Lögð fram skipulagslýsing aðal- og deiliskipulags.

Sveitarstjórn samþykkti að lýsingin verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

c) Í lið 4, Landsnet, erindi v. Dalvíkurlínu 2

Lagt fram erindi frá Landsneti þar sem lögð er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar vegna Dalvíkurlínu 2. Lýsingin er sameiginleg fyrir Hörgársveit, Akureyri og Dalvíkurbyggð. Sveitarstjórn samþykkti að *skipulagslýsingin verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

d) Í lið 5, Norðurorka, umsókn um framkvæmdaleyfi

Lagt fram erindi frá Norðurorku þar sem óskað eftir framkvæmdaleyfi til að bora rannsóknarholur við utanverðan Eyjafjörð, í Hörgársveit.

Sveitarstjórn samþykkti að framkvæmdaleyfið verði veitt, enda liggja samþykki landeigenda fyrir. Jafnframt bendir sveitarstjórn á vænlegan kost til borunar rannsóknarholu í innanverðum Hörgárdal, á Laugareyri.

e) Í lið 6, þéttbýlið Lónsbakka, umferðamerkingar

Rætt um umferðamerkingar í þéttbýlinu við Lónsbakka.

Sveitarstjórn samþykkti að sett verði biðskyldumerki þar sem við á í þéttbýlinu við Lónsbakka. Jafnframt verði settar niður gangbrautarmerkingar þar sem það á við.

2. Fundargerðir afgreiðslufundar SBE frá 32. og 33. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

3. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Eyjafjarðar frá 138. fundi

Fundargerðin lögð fram ásamt fylgigögnum.

4. Fundargerðir stjórnar Samb ísl. sveitarfélaga frá 903. og 904. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

5. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 268. fundi

Fundargerðin lögð fram.

6. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra frá 222. fundi

Fundargerðin lögð fram.

7. Jónasarlundur, skýrsla og ársreikningur 2020

Skýrsla stjórnar Jónasarlundar ásamt ársreikningi 2020 lögð fram.

8. Varmadæluvæðing

Framhald umræðu.

9. N4, hugmynd að samstarfssamningi

Lögð fram hugmynd að samstarfssamningi við 5 sveitarfélög, en N4 hefur óskað eftir að Hörgársveit verði eitt af þeim. Afgreiðslu frestað og ákveðið að ræða við forsvarsmenn N4.

10. Viðauki 05/2021

Lögð fram tillaga að viðauka 05 við fjárhagsáætlun 2021.

Sveitarstjórn samþykkti viðauka 05 við fjárhagsáætlun ársins 2021 sem gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins verði jákvæð sem nemur 79.207 þús.kr. og handbært fé í árslok verði 68.454 þús.kr.

11. Fjárhagsáætlun 2022-2025, síðari umræða

Fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og veitna fyrir árin 2022-2025 var tekin til síðari umræðu. Fyrir lá endurskoðuð tillaga með breytingum á þeirri tillögu sem var til fyrri umræðu, í samræmi við nýjar upplýsingar og viðbætur. Þá var lögð fram greinargerð sveitarstjóra varðandi tillögu að fjárhagsáætlun.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana hans fyrir árin 2022-2025.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að á árinu 2022 verði rekstrartekjur 892 millj. kr., að heildarrekstrarkostnaður A-hluta verði 855 millj. kr. og að rekstrarhalli veitna verði 2 millj. kr. Heildar rekstrarafgangur verði því 35 millj.kr.

Veltufé frá rekstri verði 70 millj. kr. Áætlað er að til framkvæmda og annarra eignabreytinga á árinu verði varið 256 millj. kr. Þar ber hæst framkvæmdir við upphaf endurbóta við Þelamerkurskóla og viðbyggingu við leikskólann Álfastein. Ný lántaka er áætluð 160 millj. kr. á árinu 2022. Þá er áætlað að handbært fé í árslok 2022 verði 22 millj. kr. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir að afgangur af rekstri samstæðunnar verði 56 millj. kr., á árinu 2024 verði hann 61 millj. kr. og 68 millj. kr. á árinu 2025.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 17:50

Kæru íbúar í Hörgársveit

Upp eru að renna síðustu áramót kjörtímabilsins og því við hæfi að líta aðeins um öxl en horfa líka fram á við.

Miklar breytingar á kjörtímabilinu

Óhætt er að segja að miklar breytingar hafi orðið síðustu árin. Íbúar voru 574 í upphafi árs 2018, íbúar eru nú 704 og hefur því fjölgað um 130 á kjörtímabilinu eða um 23%. Það er langt umfram landsmeðaltal og því má segja með sanni að Hörgársveit er orðið forystu sveitarfélag er varðar uppbyggingu og íbúafjölgun á svæðinu. Við erum hvergi nærri hætt. Í nýrri húsnæðisáætlun sem lögð verður fyrir sveitarstjórn í upphafi næsta árs er stefnt að, að íbúar verði orðnir um 1.000 í lok næsta kjörtímabils. Þetta er staðreynd ef horft er til þeirra skipulögðu íbúðasvæða sem nú þegar liggja fyrir og eru í skipulagslegri vinnslu. Íbúðum hefur fjölgað og fjölbreytni hefur aukist í íbúðavalkostum og höfum við fengið marga nýja íbúa í sveitarfélagið okkar sem við tökum fagnandi og bjóðum velkomna. Fjölbreytileikinn eykst á öllum sviðum og gerir okkur að fjölbreyttara og meira lifandi sveitarfélagi.

Góður rekstur undirstaða framkvæmda

Sveitarstjórn hefur haft skýra stefnu um góðan fjárhagslegan rekstur sem er undirstaða þess að hægt er byggja upp til framtíðar og fjölga íbúum. Það hefur tekist einstaklega vel á síðustu árum og sveitarsjóður stendur vel. Á undanförunum árum höfum við byggt upp stærra íbúðahverfi við Lónsbakka og innviðir treystir eins og í leikskóla og hafa þær framkvæmdir að miklu leyti verið fjármagnaðar með veltufé frá rekstri og hefur skuldsetning sveitarfélagsins verið í algjöru lágmarki og skuldir því lágar.

Mikilvæg verkefni framundan

Framundan eru mikilvægar framkvæmdir. Áfram verður byggt við leikskólann Álfastein og sveitarstjórn hefur ákveðið að húsnæði heimavistar verði tekið undir rekstur Þelamerkurskóla og því eru framundan endurbætur þess húsnæðis. Á næsta ári verður strax hafist handa við þá uppbyggingu með tengibyggingu milli heimavistar og skóla. Haldið verður áfram í þá stefnu að huga vel að viðhaldi og endurbótum á öllum eignum sveitarfélagsins, hvort sem það eru fasteignir, lóðir, götur, útivistarsvæði eða annað sem þarf að huga að til að halda hlutunum í góðu lagi en láta þá ekki verða eftirá með nauðsynlegt viðhald.

Starfsemin á vegum sveitarfélagsins

Starfsemi sveitarfélagsins er fjölbreytt og víðfem og mótast öll að því að veita ykkur íbúunum sem besta þjónustu á sem fjölbreytilegastan máta. Það er gert í félagsþjónustu, menntunarmálum, menningarmálum og afþreyingu, umhverfis- og skipulagsmálum og þjónustu allri við búsetu ykkar eða hverju því sem daglegt líf íbúanna þarfnast í sveitarfélaginu til að við getum með stolti og sóma sagt að við búum í samfélagi sem láti sér hag íbúanna miklu varða.

Heimsfaraldur

Sá heimsfaraldur sem hvílt hefur á okkur síðstu tvö ár hefur hamlað okkar eðlilega lífi. Við höfum ekki getað notið samvista hvert við annað eins og við hefðu viljað og er enn óljóst þegar þetta er skrifað hvort við getum hist á nýársbrennu eða haldið þorablót. Starfsemin í skólanum og leikskólanum hefur tekið mið af veiruvörnum í langan tíma, en sem betur fer höfum við hér sloppið við víðfeðm smit og er það ekki síst góðu skipulagi starfsfólks, barnanna og foreldrum að þakka. En nú hlýtur þessu að fara að linna og við að komast aftur til allra okkar nauðsynlegu samskipta.

Nýtt kjörtímabil

Þann 14. maí 2022 fara fram kosningar til sveitarstjórnar. Þá lýkur þessu kjörtímabili og nýtt tekur við með mörgum og krefjandi verkefnum á vegum öflugs sveitarfélags. Ég hef átt einstaklega gott samstarf við samstíga sveitarstjórn. Ég hef átt gott samstarf við nefndarfolk og starfsfolk og síðast en ekki síst við ykkur íbúana. Fyrir allt þetta góða samstarf er ég þakklátur.

Um leið og ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla, vænti ég þess að þið eigið öll farsælt og gott ár framundan.

Snari Finnlaugsson, sveitarstjóri

Nýársbrenna

Stefnt er að nýársbrennu **föstudaginn 7. janúar** í malarkrúsunum norðan við Laugaland **kl. 19:00**. Íbúar eru hvattir til að fylgjast með stöðu mála á heimasíðu sveitarfélagsins og íbúasíðu á facebook, þegar nær dregur.